



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs.

Kópavogi, 8. september 2023
23082288/502.00 GGG

Efni: Arnarnesvegur framkvæmdir, aðstaða fyrir verktaka.

Á fundi bæjarráðs 31. ágúst 2023 var lagt fram erindi Suðurverks hf. og Loftorku ehf. þar sem óskað var eftir samþykki við því að setja upp vinnubúðir á lóðinni Tónahvarf 2. Bæjarráð samþykkti að vísa erindinu til umsagnar sviðsstjóra umhverfissviðs.

Við skoðun á aðstæðum í nágrenni vegstæðis Arnarnesvegar, þá koma ekki mörg svæði til greina. Áætlaður verktími er 3 ár.

Undirrituð leggur til við bæjarráð að samþykkt verði að verktakinn fái lóðina Tónahvarf 2 til afnota fyrir aðstöðu með þeim fyrirvara að verði lóðinni úthlutað á verktímanum, sé verktakanum gert viðvart um að rýma lóðina með fjögurra mánaða fyrirvara, þegar fyrirséð er að framkvæmdir hefjist á lóðinni. Vinnubúðir verktakans verði utan lóðarmarka Tónahvarfs 2, norðvestan megin.

Auk þessa fái verktakinn svæði á milli Tónahvarfs 2 og Urðarhvarfs 16 til afnota til loka árs 2024. Gott aðgengi er að lögnum til tengingar vegna vatns, fráveitu og rafmagns.

Samráð verði um útfærslu svæðisins og frágang við verklok og samið verði um gjald vegna leigu á landi og tenginga inn á veitukerfi Kópavogsbæjar.

Tillagan hefur verið borin undir verktakann, sem gerir ekki athugasemdir.

Virðingarfyllt,

Ásthildur Helgadóttir
Sviðsstjóri umhverfissviðs

Meðfylgjandi:
Skýringarmynd.

